

Hjálparhundur sem fluttur eru til landsins í fylgd eiganda síns getur fengið undanþágu frá dvöl í einangrunarstöð og dvalið þess í stað í heimaeinangrun í 14 daga, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Heimaeinangrun skal útbúa í híbýlum þar sem innflytjandi dvelur á meðan einangrunartíma stendur.

Hjálparhundur er leiðsöguhundur fyrir blinda, merkjhundur fyrir heyrnarskerta eða hjálparhundur fyrir hreyfihamlaða, flogaveika og sykursjúka, sem aðstoðar einstaklinga með ofangreindar greiningar við að takast á við umhverfi sitt. Hjálparhundurinn skal hafa vottaða þjálfun sem samþykkt er af Matvælastofnun.

Eftirfarandi eru leiðbeiningar um innflutning og heimaeinangrun hjálparhunda. Heilbrigðisskilyrði fyrir hjálparhunda eru þau sömu og gilda um aðra hunda og taka mið af útflutningslandi hunds, þ.e. hvort hundurinn hafi dvalið í landi í landaflokki 1 eða 2 síðustu 6 mánuði fyrir innflutning. Vísað er í leiðbeiningar [D1](#) (landaflokkur 1) eða [D2](#) (landaflokkur 2) eftir því sem við á varðandi upplýsingar um kröfur sem varða bólusetningar, sýnatökur og önnur heilbrigðisskilyrði. Sjá skilgreiningu á landaflokkum á s. 4.

- **Heimild til heimaeinangrunar gildir um vottaða hjálparhunda sem ferðast með sínum eiganda.**
- **Ganga þarf úr skugga um að viðkomandi hundategund sé heimil til innflutnings (sjá leiðbeiningar D1/D2)**
- **Dýralæknir sem hefur læknisleyfi í útflutningslandi skal framkvæma allar læknismeðferðir sem uppfylla þarf vegna innflutnings, hvort sem um ræðir bólusetningar, sýnatökur, meðhöndlunar eða heilbrigðisskoðun.**
- **Eingöngu það vottorðseyðublað ([D1](#) eða [D2](#) eftir því hvort á við) sem útgefið er af MAST vegna innflutnings er tekið gilt.**
- **Útfyllt vottorð ásamt fylgiskjolum með áritun opinbers dýralæknis skal sent til MAST 5-10 dögum fyrir innflutning til samþykktar.**
- **Berist tilskilin gögn Matvælastofnun síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag er stofnuninni heimilt að synja innflutningi dýrs.**
- **Leiðbeiningar þessar byggja á [reglugerð nr. 200/2020 um innflutning hunda og katta](#) með áorðnum breytingum [og reglugerð nr. 201/2020 um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr](#).**

1. Umsókn um leyfi til innflutnings og heimaeinangrunar á hjálparhundi

- Fyrsta skrefið í innflutningsferlinu er að sækja um *leyfi til innflutnings og heimaeinangrunar á hjálparhundi í þjónustugátt MAST – umsókn nr. 2.34 (Umsókn um leyfi til innflutnings og heimaeinangrunar á hjálparhundi).*
- Umsóknir skulu berast Matvælastofnun a.m.k. 30 sólarhringum fyrir fyrirhugaðan innflutning.
- Eftirfarandi upplýsingar skulu liggja fyrir þegar sótt er um leyfi:
 - 1) Útflutningsland
 - 2) Hundategund
 - 3) Örmerkisnúmer
 - 4) Skannað afrit skírteinis hjálparhunds
 - 5) Heimilisfang heimaeinangrunar
 - 6) Nafn, símanúmer og netfang dýralæknis heimaeinangrunar
 - 7) Fyrirhuguð dagsetning innflutnings
- Þegar umsókn hefur borist Matvælastofnun verður haft samband við umsækjanda vegna úttektar á heimaeinangrun. Þegar heimaeinangrun og dýralæknir heimaeinangrunar hafa hlotið samþykki MAST, fær umsækjandi senda greiðslubeiðni fyrir eftirfarandi:
 - Úttekt heimaeinangrunar (tímagjald + akstur)
 - Innflutningseftirlit með hundum að upphæð kr. 37.400. Gjaldið er vegna umsýslu, innflutningseftirlits á Keflavíkurflugvelli og útskriftarskoðunar í heimaeinangrun.

- Þegar greiðsla berst, er innflutningsleyfi gefið út. Innflutningsleyfið er háð þeim skilyrðum að hundurinn uppfylli öll skilyrði vegna innflutnings og heimaeinangrunar skv. reglugerðum nr. 200/2020 (með síðari breytingum) og 201/2020.
- Innflutningsleyfið, sem gefið er út á ensku, gildir í eitt ár frá útgáfu þess.

2. Heimaeinangrun - úttekt

- Matvælastofnun gerir úttekt á heimaeinangrun og metur hvort hún uppfylli skilyrði reglugerðar nr. 201/2020. Úttekt skal fara fram a.m.k. 14 sólarhringum fyrir fyrirhugaðan innflutning að því gefnu að umsókn hafi borist stofnuninni innan tilsettra tímamarka.
- Lágmarksdvöl í einangrun er 14 dagar.
- Heimaeinangrun skal útbúa í híbýlum þar sem eigandi hundsins (innflytjandi) dvelur á meðan einangrunartíma stendur.
- Hundurinn skal dvelja innandyra en hafa aðgang að skilgreindu afgirtu útisvæði. Beint aðgengi skal vera úr íbúð á útisvæði.
- Þegar hundinum er hleypt á útisvæði skal hann vera í taumi, nema ef um er að ræða útibúr sem uppfyllir skilyrði 12. gr. reglugerðar nr. 201/2020 um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr.
- Engin önnur dýr skulu vera í íbúðinni á meðan einangrun stendur.
- Umráðamenn annarra hunda og katta skulu ekki hafa aðgang að íbúðinni, á meðan einangrun stendur. Gæta skal að hreinlæti við alla umönnun hundsins. Allan úrgang skal setja í two plastpoka og farga með sorpi.
- Innflytjandi skal sjá til þess að Matvælastofnun fái aðgang að heimaeinangrun til að framkvæma eftirlit á meðan einangrun stendur.

3. Dýralæknir heimaeinangrunar. Heilbrigðisskoðun, rannsóknir og meðhöndlun dýra í einangrun

- Innflytjandi skal tilnefna dýralækni heimaeinangrunar sem skal framkvæma heilbrigðisskoðun, rannsóknir og meðhöndlun hundsins í heimaeinangrun ásamt því að vera til taks vegna neyðartilfella.
- Dýralæknir heimaeinangrunar skal hafa starfsleyfi á Íslandi og hafa setið kynningu Matvælastofnunar um hlutverk dýralækna og verklagsreglur í einangrunarstöð. Dýralæknir heimaeinangrunar skal sjá til þess að reglum um smitvarnar í heimaeinangrun sé framfylgt og leggja til viðeigandi smitvarnabúnað.
- Innflytjandi skal leggja fram undirritaðan samning við dýralækni heimaeinangrunar með umsókn um leyfi til einangrunar hjálparhunds í heimaeinangrun.
- Innan þriggja daga frá upphafi dvalar í einangrun skal hundurinn skoðaður af dýralækni heimaeinangrunar. Meti dýralæknirinn hundinn óhæfan til að dvelja í einangrun skal hann umsvifalaust tilkynna það Matvælastofnun sem sker úr um áframhaldandi málsmæðferð.
- Sýni (saursýni) úr hundinum til rannsóknar á innvortis sníkjudýrum skulu send á rannsóknarstofu innan þriggja daga frá upphafi einangrunar eða fyrsta virka dag þar á eftir. Greinist sníkjudýr í hjálparhundi í heimaeinangrun skal dýralæknir heimaeinangrunar gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við Matvælastofnun.
- Innan þriggja daga fyrir lok 14 daga dvalar í heimaeinangrun skal hundurinn heilbrigðisskoðaður af dýralækni heimaeinangrunar og meðhöndlaður gegn inn- og útvortis sníkjudýrum. Dýralæknir á vegum Matvælastofnunar skal vera viðstaddir heilbrigðisskoðun þessa. Hann skal sannreyna að farið hafi verið að öllum ákvæðum reglugerða um innflutning og einangrun hjálparhunda. Að því loknu skal hann staðfesta útskrift viðkomandi dýrs og þar með innflutning þess.
- Fyrir útskrift úr einangrun skal dýralæknir heimaeinangrunar sjá til þess að hjálparhundurinn sé skráður í miðlægan gagnagrunn um örmerki sem Matvælastofnun samþykkir.
- Vakni grunur um smitsjúkdóm í hundi í heimaeinangrun skal dýralæknir heimaeinangrunar tilkynna Matvælastofnun um það tafarlaust sem mælir fyrir um viðbrögð. Við grun um smitsjúkdóm er Matvælastofnun heimilt að framlengja dvalartíma svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

- Matvælastofnun skal tilkynnt um veikindi hunds í heimaeinangrun svo fljótt sem auðið er. Dýralæknir einangrunarstöðvar skal framkvæma heilbrigðisskoðun og hefja greiningu og meðhöndlun ef þörf krefur. Matvælastofnun skal upplýst um niðurstöður greininga og meðhöndlun.
- Sé þörf á meðferð sem ekki er hægt að framkvæma í heimaeinangrun skal samþykki Matvælastofnunar liggja fyrir áður en ráðstafanir eru gerðar vegna flutnings á dýraspítala. Matvælastofnun skal hafa eftirlit með slíkum flutningum dýra úr heimaeinangrun vegna slíkra meðferða. Samþykki innflytjanda vegna nauðsynlegrar læknismeðferðar skal liggja fyrir. Innflytjandi dýrs ber allan kostnað af læknismeðferð vegna veikinda.

4. Vottorð sent til MAST í síðasta lagi 5 dögum fyrir innflutning

- Skannað afrit undirritaðs og áritaðs heilbrigðis og upprunavottorðs (**D1**) ásamt rannsóknarniðurstöðum sem við á skal sent MAST til yfirferðar og samþykkis í síðasta lagi 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag hunds.
- Gögnin skulu send sem viðhengi með tölvupósti til petimport@mast.is
- Berist gögnin síðar en 5 dögum (sólarhringum) fyrir áætlaðan komudag er stofnuninni heimilt að synja innflutningi.
- Gögn vegna innflutnings dýra eru yfirfarin á virkum dögum, á afgreiðslutíma MAST.
- Ef ekki eru gerðar athugasemdir við heilbrigðis- og upprunavottorð, er það undirritað og staðfest af MAST og tilkynning þess efnis send innflytjanda.

5. Flutningur hunds til Íslands / flutningsbúr / fylgigögn

- Gera skal ráðstafanir vegna flutnings hunds til Íslands með góðum fyrirvara.
- Taka skal tillit til bólusetninga og mótefnamælingar m.t.t. tímafresta þegar innflutningsdagsetning er ákvörðuð.
- Eingöngu er heimilt að flytja hunda til landsins með flugi og Keflavíkurflugvöllur er eini samþykkti innflutningsstaðurinn fyrir gæludýr.
- Ef millilenda þarf með hundinn á leiðinni frá útflutningslandi til Íslands, skal innflytjandi kanna hvaða innflutningsskilyrði gilda í viðkomandi landi.
- Flugnúmer, komudag og komutíma skal skrá í heilbrigðis- og upprunavottorð.
- Sé flutningsbúr notað skal það uppfylla IATA kröfur og vera nágu stórt til þess að hundurinn geti staðið í því, legið og snúið sér við. Búrið á að vera úr hörðu efni sem ekki getur fallið saman og sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Ef ekki er hægt að þrífa og sótthreinsa búrið verður því fargað að loknum innflutningi. Mjúk búr eða hundatöskur eru ekki leyfilegar. Nánar má sjá um kröfur til flutningsbúra fyrir gæludýr í reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.
- Leyfilegur komutími dýra er á milli kl. 06:00 og 17:00 á virkum dögum. Ef óhjákvæmilegt er að senda hund til landsins með flugi sem lendir utan þess tíma felur það í sér talsverðan aukakostnað fyrir innflytjanda þar sem innflutningseftirlit verður þá framkvæmt utan venjulegs vinnutíma. Matvælastofnun veitir nánari upplýsingar.
- Eftifarandi gögn skulu fylgja hundinum til Íslands (í umslagi sem límt er á búrið)
 - Innflutningsleyfi (má vera afrit)
 - Frumrit heilbrigðis- og upprunavottorðs (D1/D2)
 - Frumrit (eða staðfest afrit) rannsóknarskýrslu vegna hundaæðismótefnamælingar
 - Frumrit (eða staðfest afrit) rannsóknarskýrslu annarra rannsókna (*B.canis*, *Leishmania spp.* *A.vasorum* ef við á)
 - Tollskýrsla. Hafi eigandi átt dýrið skemur en 12 mánuði ber honum að greiða virðisaukaskatt af kaupverði dýrsins við innflutning. Innflytjendum er skyld að leggja fram tollskýrslu hjá tollstjóra, þ.á.m. vörureikning þar sem fram koma upplýsingar um nöfn og heimili seljanda og kaupanda, útgáfustað- og dag og hvenær sala fór fram. Ganga skal frá greiðslu áður en dýrið er útskrifað úr einangrun. Vinsamlegast hafið samband við Miðlun hjá Icelandair Cargo ehf. í tollskyrla@icelandaircargo.is. Hafi innflytjandi átt dýrið lengur en 12 mánuði gæti hann þurft að leggja fram gögn því til staðfestingar.

6. Innflutningseftirlit og flutningur í heimaeinangrun.

Innflutningseftirlit með hjálparhundi sem dvelja mun í heimaeinangrun skal framkvæmt við komu á Keflavíkurflugvelli. Eftirlitið felst í því að sannreyna örmerkisnúmer hundsins, að öll tilskilin gögn fylgi hundinum og að hann hafi ekki augljós einkenni smitsjúkdóms. Komi upp athugasemdir við innflutningseftirlit gerir Matvælastofnun viðeigandi ráðstafanir. Ef vista þarf hundinn tímabundið skal það gert í móttökustöð gæludýra á Keflavíkurflugvelli undir eftirliti Matvælastofnunar.

Kveðið er á um skilyrði vegna flutnings hunds frá innflutningsstað í heimaeinangrun í 13. grein [reglugerðar nr. 201/2020](#). Tilteknar kröfur eru gerðar til bifreiðar sem notuð er m.t.t. smitvarna, velferðar og öryggis. Geti innflytjandi ekki útvegað slíka bifreið sjálfur er bent á að rekstraraðilar einangrunarstöðva fyrir hunda og ketti geta annast slíkan flutning.

7. Viðurkennd útflutningslönd í landaflokki 1 og 2 sbr. rgl. nr. 200/2020 með áorðnum breytingum.

Landaflokkur 1

- Austurríki, Ástralía, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Færøyjar, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Japan, Króatía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur (að Svalbarða frátöldum), Portúgal, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Serbía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland.

Landaflokkur 2

- Bandaríkin, Grænland, Kanada, Pólland, Rúmenía, Singapore, Tyrkland